

AUGLÝSING

um niðurfellingu auglýsingar um verndarsvæði í Kerlingarfjöllum – Hverabotn,
Neðri-Hveradalir, Kisubotnar og Þverfell í verndarflokki
verndar- og orkunýtingaráætlunar.

1. gr.

Með vísan til reglna stjórnsýsluréttar um afturköllun er auglýsing um verndarsvæði í Kerlingarfjöllum – Hverabotn, Neðri-Hveradalir, Kisubotnar og Þverfell í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar, nr. 367/2021, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 19. mars 2021, felld úr gildi.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 4. mgr. 39. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, og tekur þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 18. nóvember 2024.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.

B-deild – Útgáfudagur: 3. desember 2024